

BRÁÐABIRGÐALÖG**um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.****1**

19. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Utanríkisráðherra hefur tjáð mér, að á meðan varnarliðið dvelst á Keflavíkurflugvelli beri brýna nauðsyn til þess, að skipa þar sérstakan lögreglustjóra.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á Keflavíkurflugvelli skal vera lögreglustjóri. Umdæmi Keflavíkurflugvallar miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins.

Ráðherra sá, er fer með varnarmál, veitir embættið lögfræðingi, sem fullnægir lögmætum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

2. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi dómarastörf, lögreglustjórn, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og eftir því sem við getur átt önnur þau störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, gegn þeirri þóknun, er ákveðin er að lögum.

Lögreglustjórinn tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga, nr. 60 1945.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. janúar 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

Stjórnartíðindi 1954, A. 2.

FORSETA BRÉF**um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.****2**

30. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 73. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 5. febr. 1954, kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 30. janúar 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

1